

Mánudaginn 30. júlímán.

Nr. 12/1877: Yfirstjórnendur Hjaltesteðs legats
gegn

Margrjetu Sveinbjarnardóttur og
Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

D ó m u r.

Mál þetta er höfðað í hjerði af sýslumanninum og prófastinum í Borgarfjarðarsýslu, sem yfirstjórnendum hins svo nefnda Hjaltesteðs legats, gegn Margrjetu Sveinbjarnardóttur, ekkju Þorvarðar Ólafssonar á Kalastöðum, er sem hreppstjóri í Hvalfjarðarstrandarhreppi var stjórnandi tjeðs legats ásamt sóknarprestinum að Saurbæ. Orsökkin til málshöfðunarinnar var sú, að nokkru eptir að nefndur Þorvarður Ólafsson var andaður, kom það upp, að veðskuldabryjef, sem Jón bóndi Eyjólfsson á Ökrum hafði gefið út til legatsins 12. maí 1867 fyrir 200 króna láni úr sjóði þess, vantaði meðal skjala legatsins, án þess að upphæð skuldabryjefsins væri á annan hátt komin legatinu til góða, en við ítarlegri rannsókn upplýstist, að skuldabryjefið hafði verið framselt debitor 8. febr. 1871 með kvittun undirritaðri af Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni fyrir, að höfudstóll þess væri borgaður, og með áteiknun undirritaðri: «Þorvarður Ólafson, hreppstjóri á Hvalfjarðarströnd», um að upphæðin sama dag væri borguð Hjaltesteðslegatinu. Með því yfirstjórnendum legatsins virtist legatið eptir þessum málavöxtum eiga aðganginn að búi Þorvarðar Ólafssonar, sem þess, er hefði einn haft á hendi umráð yfir fjármunum legatsins, og eptir áteiknuninni á skuldabryjefið átti að hafa tekið við upphæð þess, en ekki staðið legatinu skil á henni, skorðu þeir á ekkju Þorvarðar, sem situr í óskiptu búi eptir mann sinn, að borga legatinu upphæð ofanefnds skuldabryjefs

200 kr. með vöxtum 4% frá 8. febr. 1871, en er hún færðist undan því, fylgdu þeir kröfu sinni fram til dóms og laga, og var dómur kveðinn upp í því máli 19. október f. á. af landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni, sem setudómara, á þá leið, að ef Jón bóndi Eyjólfsson á Ökrum eptir löglegan undirbúning innan varnarþings síns með eiði staðfesti, að upphæð skuldabryjfs hans til gjafasjóðs síra Ólafs Hjaltesteðs, hafi 8. febr. 1871 í Reykjavík verið greidd þorvarði Ólafssyni með 100 rd., bæri hinni stefndu ekkju hans að greiða stefnendunum tvö hundruð krónur með 4% vöxtum frá 11. júní 1872, þangað til borgun verði; en treysti Jón Eyjólfsson sjer ekki til að vinna eiðinn, skyldi hún vera sýkn af kær- um og kröfum stefnanda; málskostnaður skyldi falla niður, og málsfærslulaun hins skipaða talsmanns stefn- andanna, Hallgríms hreppstjóra Jónssonar, 15. kr., borgast úr opinberum sjóði.

Þessum dómi hafa yfirstjórnendur Hjaltesteðs le- gats, að fenginni gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 12. marzmán. þ. á., og krafizt, að hinn á- frýjaði hjeraðsdómur verði dæmdur ómerkur, en að hin stefnda ekkja verði skylduð til að greiða opt nefndu le- gati fje það, er það átti eptir skuldabryjefi Jóns Eyjólf- sonar, að upphæð 200kr. með 4% vöxtum frá 11. júní 1872, og að ekkjan og hinn setti hjeraðsdómari, sem hefur verið stefnt til að bera fulla lagaábyrgð af dómi sínum, verði skylduð in solidum til að greiða máls- kostnað fyrir báðum rjettum, annaðhvort skaðlaust eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hin stefnda ekkja krafizt, principaliter, að verða dæmd sýkn af kær- um og kröfum sækjanda í máli þessu, og sjer dæmdan málskostnað, eða, ef sýknu- dómur ekki fæst, að hún verði dæmd frí frá að borga rentu af hinni umþrættu upphæð, en subsidialiter, að

hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjeraði verði dæmt ómerkt, og málinu vísað frá dómi. Loks hefur hinn stefndi hjeraðsdómari krafizt, «að herra Þórður yfirdómsstjóri og herra Magnús meðdómandi og dómsmálaskrifari yfirdómsins víki úr dómarasæti í þessu máli», en til vara, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum stefnanda í þessu máli, og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Að því, er fyrst og fremst snertir þá kröfu hins stefnda hjeraðsdómara, að tveir af dómendunum í landsyfirrjettinum, af hvorum annar nú hefur fengið lausn frá embættinu, víki úr sæti í máli þessu, sökum skyldugleika og tengda við áfrýendurna, þá virðist þessi krafa eigi á rökum byggð, er áfrýendurnir eingöngu af embættisskyldu hafa höfðað málið, en alls eigi eru viðriðnir það persónulega, og engan hag eða óhag geta haft af því, hver afdrif það fær; sbr. L. 1—5—6; verður þessi krafa því ekki tekin til greina. Þegar þá kemur til þeirrar kröfu áfrýandanna, að hjeraðsdómurinn verði dæmdur ómerkur, þá virðist hún byggð á því, að úrslit þau, sem málið hefur fengið í undirrjettardóminum, sumpart liggja alveg fyrir utan málsfærsluna og rjettarkröfurnar í hjeraði, sumpart ekki sjeu fullnaðarúrslit (sbr. L. 5—1—12), þar sem þau samkvæmt dóminum eigi að vera komin undir eiði óstefnds manns, sem eigi er viðriðinn málið, á þann veg, að til þess geti komið, að hann vinni eið sem málspartur, og þar við bætist, að eptir því, sem fram er komið undir málinu, verði ekki álitid, að þessi maður hafi verið viðstaddur, þegar það factum fór fram, sem hann á að vinna eið að, og enda þó svo hefði verið, þá geti hann þó ekki vitað af sjálfum sjer, hvað fram fór, þar sem hann er, og þá var orðinn blindur á báðum augum. En með því, að hjeraðsdómurinn kemur fram sem fulln-

aðardómur, og ástæður þær, er áfrýendurnir hafa byggt á kröfu sína, ekki snerta hina formlegu hlið málsins, verður krafa áfrýjandanna um, að hjeradsdómurinn verði dæmdur ómerkur, ekki tekin til greina, heldur ber að dæma málið í aðalefni þess.

Þess ber þá fyrirfram að geta, að þar sem hin stefnda ekkja hefur eigi gagnáfrýjað hjeradsrjettardómnum, þá verða rjettarkröfur hennar, þær er fara fram á breytingar á tjeðum dómi, eigi teknar til greina, og af sömu ástæðu sú sýknu-ástæða hennar, að krafa legatsins sje þrækluderuð, eigi komið til rannsóknar hjer fyrir rjettinum.

Eptir því sem áfrýendurnir hafa borið fram, og því er ekki mótmælt af hendi hinnar stefndu ekkju, hafði Þorvarður heitin Ólafsson, meðan hann var meðstjórnandi Hjaltesteðslegatsins, einn undir hendi fjármuni þess, og hafði hann því gagnvart legatinu ábyrgð á, að ekkert af eignum þess færi forgörðum fyrir vangeymslu eða aðrar sakir, sem honum urðu tilreiknaðar. Þegar nú Þorvarður dó, virðist það auðsætt, að legatið átti aðganginn að búi hans, eða ekkjunni, sem situr í óskiptu búi eptir hann, með að fá full skil fyrir þeim eigum sínum, sem hann hafði haft undir höndum, og þar á meðal á skuldabrjefi því, að upphæð 200 kr., sem Jón Eyjólfsson á Ökrum hafði gefið út til legatsins 12. maí 1867 fyrir láni úr sjóði þess, og þegar hin stefnda ekkja ekki gat staðið skil á skuldabrjefinu sjálfu, hlaut hún að vera skyld að bæta legatinu tjón það, er það beið af að missa skuldabrjefið, nema hún gæti fært sönnur á, að upphæð þess á annan hátt væri komin legatinu til góða, eða að það eigi gæti tilreiknast henni og manni hennar Þorvarði, að hún eigi gat staðið skil á skuldabrjefinu. En það er svo langt frá, að hin stefnda hafi getað fært sönnur á þetta, að þvert á móti

allt, sem fram er komið, virðist benda til, að upphæð ofan nefnds skuldabréfs hafi runnið inn til Þorvarðar manns hennar; kemur í því efni til greina, að áfrýendurnir hafa lagt fram: í fyrsta lagi bréf með nafni Þorvarðar undir, þar sem hann segir Jóni Eyjólfssyni upp skuldinni, þar næst bréf frá Jóni sál. Guðmundssyni málaflutningsmanni, þar sem hann skýrir frá, að hann fyrir hönd Þorvarðar hafi tekið á móti upphæð skuldabréfsins frá debitor gegn framsali á því, og að hann þá þegar hafi staðið Þorvarði skil á upphæðinni, og loks skuldabréfið sjálft, kvittað af Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni, og með áritun um, að upphæð þess sje borguð Hjalttestedslögatinu, undirskrifaðri með nafni Þorvarðar Ólafssonar. Hjer við bætist, að hin stefnda ekki hefur treyst sjer til að neita, að maður hennar hafi undirskrifað nefnda áritun á skuldabréf Jóns Eyjólfssonar, því þó að talsmaður hennar fyrir undirrettinum í fyrstu hafi borið fram, «að hann ekki þekkti undirskriptina fyrir hönd Þorvarðar, nje gæti kannazt við, að Þorvarður hefði tekið við peningunum og eytt þeim», þá vildi hann seinna, þegar dómarrinn leiddi honum fyrir sjónir, að nauðsynlegt gæti verið fyrir hann, ef hann treysti sjer til þess, að neita á meira ákveðinn hátt undirskript Þorvarðar, ekki svara öðru en því, «að hann gæti ekki, hvorki neitað nje sannað undirskriptina». Loks ber þess að geta, að þó að skuld Jóns Eyjólfssonar væri borguð 8. febr. 1871, þá stóð Þorvarður Ólafsson þó skil á vöxtunum af henni allt til 11. júní 1872, eða hins síðasta rentugjalddaga áður en hann dó.

Með því að áfrýendurnir þannig hafa leitt rök að því, og hin stefnda eigi hefur mótmælt því, að maður hennar Þorvarður Ólafsson hafi, sem meðstjórnandi Hjalttestedslögatsins, haft undir höndum skuldabréf, er

legatið átti, útgefið 12. maí 1867 af Jóni Eyjólfssyni á Ökrum fyrir 200 kr., og að hann hafi kvittað fyrir, að hafa tekið við upphæð nefnds skuldabryjfs fyrir hönd legatsins, en legatinu ekki hefur verið staðið skil á þessari upphæð, þá ber að dæma hina stefndu, sem situr í óskiptu búí eptir mann sinn, til að greiða áfrýndunum, sem yfirstjórnendum optnefnds legats, 200 kr. með rentum 4% frá 11. júní 1872, unz borgun skeður. Málskostnaður virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður, og málsfærslulaun hinna skipuðu talsmanna áfrýjandanna fyrir undirrjetti 15 kr., og fyrir yfirrjetti 30 kr., að borgast úr opinberum sjóði.

Að því leyti, sem málið hefur verið sótt með gjafsókn, vottast, að rekstur þess og flutningur hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin stefnda, Margrjet Sveinbjarnardóttir, á að greiða áfrýndunum, sem yfirstjórnendum Hjaltesteðs gjafasjóðs, 200 kr. með rentum 4% frá 11. júní 1872, unz borgun skeður. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipuðu talsmönnum áfrýjandanna, Hallgrími hreppstjóra Jónssyni fyrir undirrjetti, og Guðmundi málaflutningsmanni Pálssyni fyrir yfirrjetti, bera hinum fyr nefnda 15 kr., og hinum síðar nefnda 30 kr. í málsfærslulaun, er borgist þeim úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.